



Stjórnarfundur UÍA – 21. apríl 2020. kl, 17.00

Dagskrá

Fundargerð

Fundargerð frá 30.mars, samþykkt samhljóða.

Innsend erindi

Engin innsend erindi liggja fyrir fundinum.

Verkefni framundan

- Farandþjálfun

Búið er að ráða sumarstarfsmann sem verður Halldór Bjarki Guðmundsson, gert er ráð fyrir að hann taki til starfa um 15.maí, stefnt að geta hafið sumarpjálfun í byrjun júní. Um að gera að vera í sambandi við félögin og athuga áhuga um þátttöku og slíkt.

- Sumarhátíð

Stefnum á að hafa sumarhátíð samkvæmt venju ef fram fer sem horfir, sem sagt óbreytt plan.

-Tour de Ormurinn

Stefnum á að hafa það 15.ágúst eins og til stóð.

-Þingið

Höfðum stefnt á að hafa þingið 10. maí en nú er ljóst að það verður ekki. Stefnt á að kanna möguleika á að hafa formannafund og síðan yrði þinginu frestað fram að næsta vori. Gunnar formaður ætlar að kanna möguleikann á því að fá einhvern frá UMFÍ til að vera með á formannafundi ef til hans kemur.

-Ársreikningur

Ársreikningur er að hafast en ekki hægt að gefa upp nákvæma dagsetningu á skoðun hans.

-covid-19

Margt rætt um ástandið í þjóðfélaginu, starf félaganna, sumarstarfið okkar, styrki og fleira. Gassi og Dagmar hjá Alcoa búin að vera í bandi vegna Sprettis.

-Fjármál

Búið er að borga út Lottó og einnig er búið að gera upp vegna 50 + sem haldið var í Neskaupstað 2019.

- ÍSÍ fundur

Gassi var á ÍSÍ fundi síðasta föstudag með Víði Reynissyni frá almannavörnum, samtals var mæting frá um 30 félögum. Upplýsinga fundur vegna afléttinar hafta vegna íþróttaiðkunar sem verður 4.maí, ekki margt nýtt sem kom fram.

Stórir viðburðir sumarsins eru allir á bið, alls konar hugmyndir um íþróttaviðburði sumarsins, alls staðar verið að reyna að búa til a-b og c plan. Gert er ráð fyrir að næsta plan sem verður gefið út miðist við 2 júní og þá verði vonandi hægt að byrja fótboltavertíðina og fleira.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00

Fundagerð ritaði Pálína Margeirsdóttir.